

Forsætisnefnd

Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, breytingar á launavísitölu.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa kemur fram að borgarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín hjá Reykjavíkurborg samkvæmt samþykkt borgarstjórnar 4. apríl 2017. Þetta eru grunnlaun borgarfulltrúa og uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu. Í grunnlaununum felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennsku í öðrum nefndum en fastanefndum, innkomur sem varamenn og setur sem áheyrnarfulltrúar.

Hér með tilkynnist forsætisnefnd að skrifstofa borgarstjórnar hefur gert breytingar á launum kjörinna fulltrúa til samræmis við breytingar á launavísitölu m.v. 1. janúar 2018. Grunnlaun borgarfulltrúa verða eftir breytinguna kr. 699.184.- og starfskostnaður verður kr. 50.495.-

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar